

Úti fundus a haljaðarsí Jakarta (14. maí)
með öllum framboðendum (Pulsungnusfundur) ⑦

Þegar sá hljómgrunnur, sem Kvennaframboð hefur fengið verður staðfestur með atkvæðamagninu að kvöldi laugardagsins 22. maí, munu margar floksfjaðirnar bylta sér í bólunum og spurja sem svo: Hvað veldur þessu gifurlega fylgi Kvennaframboðsins?

Eg skal segua ykkur hvað veldur..... Konur.. hugsiðykkur þe

Hversu lengi hefur ekki verið kvartað undan því hvað erfiðlega gengur að fá konur til starfa innan stjórnmálaflokkanna....hvernig leita þurfi með logandi ljósi eftir konum á flokkslistana - hversu ópolítískar konur séu?

Hvernig þá opólítískar má ég spurja? Ætlar einhver að segja mér að konurhafi ekki áhuga á því, hvað þær hafa í kaup, ~~hvernig hafi þær ófrenist~~ hvernig börnunum þeirra líði í skólanum, hvernig hverfið þeirra byggist upp..hvernig sameiginlegum fjármunum borgarbúa er varið? Allt eru þetta háþóbitisk mál og nei, voaandi ætlar enginn að fara að halda því fram að konur séu ópolítískar. ~~Mettutvunni frentar frumræknunum um að ekki verið flokkslistar um sjálfum að kemma og ekki komum, að þær komu ekki til starfa innan flokkanna.~~

Enda erum við konur nú komnar út í politíiina, ekki þó eins og hún vill hafa okkur, heldur eins og við viljum hafa hana. Og e.t.v. er þar komið ~~skákk~~ skýringin á því fylgi Kvennaframboðsins, sú, að Reykvíkingar heimta að fá að skilgreina politíka sjálfir og neita að láta politíkina skilgreina sig.

Og um það er þessi kosningabarátta farin að snúast í æ ríkari mæli..um rétt fólks til að gera sjálft upp hug sinn, um réttinn til að taka þátt í móturn eigin umhverfis.

~~að er ekki af tilhörfun að einnitt Kvennaframboðið setur til yfirleidsgreiðum umhverfis að oddinni sínarstefnu -~~

Það er þeðvitað engin tilviljun að Kvennaframboð setur lýðræðislegri vinnubrögð á oddinn í sinni stefnuskrá, því Kvennaframboð berst fyrst og fremst fyrir frelsi. Óg ég leyfi mér að leggja orðið frelsi til jafns við jafnrétti og fer ekki með það í grafgötur, að það er frelsi og virðing kvenna sem helst vantar svo jafnrétti ríki hér í raun og veru. Óg fyrir því berst Kvennaframboð með oddi og egg.

Þið haldið kannski að að það sé engin ástæða til þess að berjast sérstaklega fyrir stöðu kvenna. Að þess gerist ekki þörf núna... að Kvennaframboð sé tímaskekkja.? En bíðum við. Lítum til þeirrar kjarabaráttu sem nú stendur fyrir dyrum. Á morgun leggja hjúkrunarfræðingar niður störf vegna þess að ekki er hægt að fullnægja kröfum þeirra. Hjúkrunuarfræðingar eru nær allir konur. Starfsmannafélagið Sókn hefur boðað verkfall á sunnudaginn. Þar er meirihlutinn konur. Sjúkraliðar hætta störfum 1.júní. Meinataknar hafa boðað verkfall í haust. ~~AUlfar~~ ~~þessar störfir eru óvennbættir~~ í öllum þessum starfssíttum eru konur í yfirgnæfandi meirihluta. Óg hvaða störf vinna þær? Jú, þær hjúkra, hlúa að, þrífa og taka til vinna þeirra er í beinu framhaldi af þeim störfum sem konur hafa alla tíð leyst af hendi - þetta eru dæmigerð kvennastörf. Óg hvaða kröfur er verið að gera? Ég skal segja ykkur það. Ég skal ekki segja frá númeruðum launaflokkum og þrepum eins og flokksblöðin gera til að sannleikurinn komi ekki í ljós. Ég skal bara tala um beinharða peninga í launaumslagi. Hjúkrunarfræðingarnir, sem leggja niður störf á morgun, hafa 7.840 krónur í byrjunarlaun. Þær

eru m.a. að fara fram á að byrjunarlaun verði 8.757, ~~þjókunarkostnaður~~ Útbreyttur hjúkrunarfraðingur með 6 ára starfsreynslu hefur um 9. þúsund krónur í laun frá ríkinu. Flestir sjúkraliðar ~~þjóx~~ í starfi hjá ríkinu eru í 12 launaflokki, sá flokkur fer ekki yfir 8. og 500 krónur. Sóknarkonur eru flestar á bilinu 6-7000. Þessar konur fara e.t.v. fram á 500 króna kauphækkun. Flestar ljósmaður eru í í 12. eða 13. launafloki, - þeir flokkar fara ekki yfir 8.700. krónur. Það væri fróðlegt að vita hvað kona í ~~þjóvinnu~~ hefðbundnu karlastarfi, t.d. er gjaldkeri og tekur á móti peningum hefur í samanburði við ljósmaður, sem tekur þó á móti börnum.

Kvennaframboð fer fram á endurmat á þeim störfum, sem konur inna af hendi, hvort sem það er heima hjá sér eða úti á vinnumarkaðinum. Það er skemmta þar a milli en margan grunar því starfslysingin er næstum því sú sama á báðum stöðum hvort eð er af þeirri eðlilegu ástæðu að konur sækja í ríkustum mæli í þau störf, sem tengjast reynslu kvenna gegn um aldir og ár. Þær vinna ^í þrifnaðar- ~~uppeldisstörf~~ störf, matseld, hjúkrun, Og allt eru þetta láglauastörf, kvennastörf. Þau þarf að hefja til vegs og virðingar rétt eins og viðhorf kvenna til allra mála. ~~ekki að ein kvenna vegna heldur alhvegne~~ Reykjavíkurborg er stór vinnuveitandi og getur haft frumkvædi í sliku jafnréttismáli - ef hún kærði sig um.

Hver einasti maður, karl eða kona, ~~ætti~~ að hafa fullt frelsi til að ~~skrákunarkostnaður~~ gera það sem hugur stendur til og foreldrar ~~ættu~~ að hafa frelsi til að skipta með sér fyrirvinnu og uppeldisstörfum. Þetta er augljóst réttlætismál í hugum flestra - nema þeirra sem

4

stjóna. ~~Hann er óvinnur um þessi heimili~~. Frelsi er innantómt orð nema konur líka geti tekið að sér þá vinnu utan heimilis sem þær vilja leggja rækt við ^B í trausti þess, að launin nægi til framfærslu. Óg við skulum ekki gleyma því heldur, að fjöldi þeirra kvenna, sem nú er að berjast fyrir bætri kjörum, eru fyrirvinnur. Í því sambandi vil ég skjóta því að, að rúmlega 20% allra barnafjölskyldna í Reykjavík eru í forsjá einstæðra mæðra og hlutfallið hefur farið hækkandi síðstu ár. Aftur á móti teljast einstæðir fæður aðeins 1% og segir það sína sögu um ~~þá~~ breytt viðhorf.

Það er stundum sagt að fólk eigi ekki að bera tilfinningar sínar á torg. Ég ætla nú samt að bera mínar tilfinningar á Torgið. Mér finnst það sárgrætilegt að enn skuli heyrast raddir um að konur burfi kki að standa saman til að nái fram því frelsi sem þær eiga kröfu til, að þær burfi ekki að standa saman í baráttunni fyrir breyttu mati, á sínum störfum, sínum viðhorfum og sínum rétti. Mér finnst það sárgrætilegt að heyra enn slíkar raddir þegar svo augljós dæmi um vanmat á kvennastörfum blasa við okkur.

En - mér finnst það líka stórkostlegt gleðiefni, að það skuli vera að renna upp fyrir okkur öllum, að ekki aðeins burfum við að taka höndum saman, heldur getum við það líka, ^{Óg} það er það sem ^{minn} Kvennaframboð er að sanna með þátttöku ~~þá~~ þeirra sem vilja jafnstöðu allra ~~Reykvikings~~ i Reykjavík.